

FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 2000-01

Fundartími: Þriðjudagur 1. febrúar 1999 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

1. Raforkunotkun ársins 1999.
 2. Fréttatilkynning um raforkunotkun 1999.
 3. Áætlun ársins, starfshættir og skipulag vinnu.
 4. Raforkuspá og upplýsingar á Internetinu.
 5. Notkunarflokkar raforku 1999 og gögn um afl.
 6. Önnur mál.
-

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Ívar Þorsteinsson
Ólafur Pálsson
Guðmundur Guðmundsson
Jón Gestur Hermannsson
Eymundur Sigurðsson

Verkfræðistofan Afl:

GG bauð Jón Gest Hermannsson velkominn til starfa í hópnum sem fulltrúi Rafveitu Hafnarfjarðar.

1. JV dreifði töflum um raforkunotkun 1999. Hann sagði að tölurnar væru ekki endanlegar þar sem það vantaði Búðará í desember og fáeinar dieselvélar en hér væri einungis um einhverjar MWh að ræða og töflurnar því breytast lítillega. Hann sagðist hafa breytt þessum töflum þannig að nú væri orka til dælingar á Nesjavöllum talin með forgangsorku til samræmis við það sem gert hefur verið í raforkuspánni. Hann sagði að í raforkuspá væru dreifitöp af ótryggðri orku almenningsveitna lögð við söluna (4,5%) og dregin frá forgangsorkunni og væri æskilegt að sýna slíkt hér til samræmis við spána. Fundarmenn voru sammála því og GG sagði að fyrir Síldarvinnsluna á Neskaupsstað og Bæjarveitur Vestmannaeyja væru töpin sérstaklega áætluð og ætlar hann að senda JV uppgjör hvað þetta varðar.

Raforkuvinnslan jókst á síðasta ári um 14,5%. Aukning stórnotkunar var 23,4%, almenn notkun jókst um 3,5%, flutningstöp stóðu nokkurn veginn í stað en eigin notkun Landsvirkjunar jókst um 15,6%. Aukning í forgangsorku almennrar notkunar var 2,6% og 11,8% í ótryggðri orku. JV benti á að hægt hefði á aukningu almennrar forgangsorku á seinni hluta síðasta árs væntanlega vegna lítillar loðnuveiði og einnig gætu verið að koma fram merki um að farið sé að hægja á hagkerfinu.

JV dreifði töflum um almenna raforkunotkun leiðrétta út frá lofthita. Meðalhiti á síðasta ári var sá sami og í meðalári en árið á undan var heldur hlýrra. Aukning leiðréttrar almennrar notkunar er 3,3% (úr 3,5%) og aukning forgangsorku verður 2,4% (úr 2,6%). JV afhenti

hverri veitu fyrir sig upplýsingar um orkuöflun viðkomandi veitu.

2. JV dreifði drögum 1 að fréttatilkynningu um raforkunotkun síðasta árs. JV benti á að á mynd 2 um aukningu almennrar notkunar væri eigin notkun Landsvirkjunar ekki inni enda væru ekki til upplýsingar um allt tímabilið hvað hana varðar. Áhugavert gæti verið að fjalla aðeins um þau tímabil sem koma fram á þessari mynd í textanum. Einnig benti JV á að á síðasta ári hefði Morgunblaðið farið að bera saman tölur í fréttatilkynningunni við útgefna spá og þá farið í vitlausa töflu. Því væri áhugavert að bæta við slíkri umfjöllun og voru fundarmenn sammála því. GG benti á að áhugavert væri að fjalla um að aukning notkunar væri öll á SV horni landsins og einnig mætti benda á hve mikil notkun á íbúa væri orðin í samanburði við Noreg.
3. JV dreifði áætlun ársins 2000 og sagðist einungis hafa lagfært útseldu taxtana sem eru nú í gildi hjá Verkfræðistofunni AFLi. GG sagði að gott væri að fá vinnu við að skoða hitamarkaðinn sem fyrst í gang og hann sagði hafa rætt við ráðuneytið um breytingar á fyrirkomulagi niðurgreiðslna.
4. JV spurði menn hvort þeir hefðu farið nýlega inná heimasíðu Orkuspárnefndar. ES sagðist hafa gert það og var hann ánægður með heimasíðuna og öll gögnin sem þar væru. JV sagði að um 200 heimsóknir væru á síðuna hjá AFLi síðasta hálfu árið og um 160 hjá Orkustofnun.
5. JV sagðist vera búinn að fá notkunarflokkana raforku fyrir árið 1999 frá fyrstu veitunni sem væri Rafveita Sauðárkróks. Hann hvatti aðra til að skila notkunarflokkunum sem fyrst. GG sagði að þeir hjá Rarik væru að vinna í því. ÍP sagði að ekki væri hægt að taka út notkunarflokkana úr nýju sölukerfi og í eldra kerfi væru ekki gögn nema til októberloka. JV spurði hvort ekki væri mögulegt að vinna notkunarflokkana upp úr töflum um sölu með SQL. ÍP ætlar að kanna betur hvort ekki sé mögulegt að ná þessum gögnum út.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:10. Næsti fundur ákveðinn 7. mars 2000.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

Raforkunotkun 1999. (JV)

Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita. (JV)

Raforkunotkun hjá einstaka veitum. (JV)

Fréttatilkynning. Raforkunotkun ársins 1999. Drög 1.

"Vinna Verkfræðistofunnar AFLs fyrir Raforkuhóp Orkuspárnefndar á árinu 2000". (JV)